

1985

Þriðjudaginn 21. desember 1982.

Nr. 232/1982. **Sigurbjörn Sveinbjörnsson**  
gegn  
**Gylfa Gunnarssyni**  
**Sigurjóni Jónssyni og**  
**fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.**

Kærumál. Synjað um útgáfu vitnastefnu og aðiljafyrirkalls. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með vísan til 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Neskaupstaðar 10. nóvember 1982, í bæjarþingsmálinu nr. 6/1981: Sigurbjörn Sveinbjörnsson gegn Gylfa Gunnarssyni, Sigurjóni Jónssyni og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Sóknaraðili lýsti kærinni með bókun í þingbók á dómþingi nefndan dag og áréttaði hana með kæru og greinargerð 17. s. m., sem barst Hæstarétti 24. s. m. ásamt öðrum gögnum málsins. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og „lagt fyrir héraðsdómarann að:

1. Að kveðja stefndu Gylfa og Sigurjón fyrir dóm og taka af þeim skýrslu.
2. Að gefa út vitnastefnur á hendur þeim Boga Nílssyni, sýslumanni, sbr. dskj. nr. 33, Stefáni Skaftasyni lækni, sbr. dskj. nr. 35, og Ólafi F. Bjarnasyni lækni, sbr. dskj. nr. 36“.

Sóknaraðili krefst ekki málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Hinn kærði úrskurður er svohljóðandi:

„Hafnað er kröfu lögmanns stefnanda um, að hinir stefndu aðilar verði að frumkvæði dómarans kvaddir fyrir dóm til skýrslugjafar.

Hafnað er kröfu lögmanns stefnanda um, að nú verði gefnar út réttarstefnur á hendur þeim vitnum, sem hann hefur óskað eftir að leiða í máli þessu.“

Úrskurður þessi sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt c lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 að því er varðar síðara atriði hans, en samkvæmt niðurlagsákvæði sömu greinar að því er fyrri atriði hans varðar.

Hinum kærða úrskurði fylgja ekki forsendur, sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, sbr. 27. gr. laga nr. 75/1973.

Mál það, sem hér er til umfjöllunar, höfðaði sóknaraðili á bæjarþingi Neskaupstaðar með stefnu, birtri 11. júní og 16. júlí 1981. Krefur sóknaraðili stefndu um skaðabætur fyrir líkamsáverka, sem hann kveðst hafa hlotið á lögreglustöðinni í Neskaupstað að morgni 14. september 1975 af völdum varnaraðiljans Gylfa, þáverandi varalögreglumanns, í viðurvist varnaraðiljans Sigurjóns yfirlögregluþjóns.

Sóknaraðili hafði verið færður á lögreglustöðina til að gefa skýrslu um ökuóhapp.

Mál út af sama sakarefni hafði sóknaraðili áður höfðað með réttarstefnu, útgefinni 25. apríl 1977, en það mál var hafið með dómi, uppkveðnum 15. janúar 1981, vegna útivistar af hálfu sóknaraðilja.

Opinber rannsókn fór fram út af ásökunum sóknaraðilja á hendur varnaraðiljum Gylfa og Sigurjóni. Með ákæruskjali, útgefnu 2. mars 1976, var höfðað opinbert mál á hendur varnaraðiljanum Gylfa fyrir að gerast offari í starfi með því að hafa við yfirheyrslu Sigurbjörns Sveinbjörnssonar sjómanns, Urðarteigi 27, Neskaupstað, að morgni sunnudagsins 14. september 1975 slegið hann allt að fjórum hnefahöggum í andlitið með þeim afleiðingum, að nef hans skaddaðist, vinstri nös stíflaðist auk þess sem hann fékk glóðarauga.

Að tilhlutan dómara þess, er með það mál fór, var aflað umsagnar Læknaráðs um tiltekin atriði varðandi meiðsli sóknaraðilja.

Fyrir Læknaráði lágu vottorð Jóhannesar Björnssonar, setts héraðslæknis, um skoðun hans á sóknaraðilja að morgni 14. september 1975 svo og vottorð Ólafs F. Bjarnasonar, læknis á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans, um ástand sóknaraðilja og meðferð þá, sem hann hlaut á deildinni við aðgerð á nefi hans í febrúar 1976. Einnig lá fyrir Læknaráði framburður Jóhannesar, er hann kom fyrir sakadóm Neskaupstaðar við rannsókn þá, sem fram hafði farið.

Með dómi sakadóms Neskaupstaðar 22. september 1978 var Gylfi sýknaður af kröfum ákærvaldsins.

Mál það, sem hér er til umfjöllunar, var þingfest á bæjarþingi Neskaupstaðar 13. ágúst 1981.

Hinn reglulegi dómari vék sæti í málinu með úrskurði, uppkveðnum 31. ágúst 1981, og var Ragnar Halldór Hall borgarfógeti skipaður setudómari í því hinn 21. september 1981. Hann hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Í athugasemdum héraðsdómara til Hæstaréttar 23. nóvember 1982 segir m. a. svo:

„1. Með bréfi, dags. 29. mars 1982, sem mér barst 31. sama mánaðar, tilkynnti lögmaður stefndu Gylfa og Sigurjóns, að umbjóðendur hans neituðu að koma frekar fyrir rétt vegna máls þessa. Ljósrit af bréfi þessu afhenti ég lögmanni stefnanda, Árna Halldórssyni hrl., fyrir upphaf þinghalds í máli þessu í Neskaupstað 13. maí 1982 og hafði nokkru áður simpleiðis tjáð honum efni bréfsins. Bréf þetta hefur ekki verið lagt fram í málinu, en frumrit þess fylgir greinargerð þessari.

2. Í upphafi þinghalds 13. október 1982 er bókað um tilkynningar, sem dómarrinn hafði sent lögmonnum málsaðilja um ákvarðanir sínar um meðferð málsins. Er í sjálfu sér litlu við það að bæta, sem þar kemur fram, en í þinghaldi 26. mars s.l. hafði lögmaður stefnanda lýst yfir, að hann hygðist leiða tvö vitni í málinu. Síðar hefur lögmanninum hugkvæmst að nefna til fleiri vitni, er hann hyggist leiða í málinu, og tel ég hann hafa haft ærinn tíma til að fá vitni þessi fyrir dóminn, en ekki var óskað atbeina dómarrans í því sambandi fyrr en tveimur dögum áður en vitnaskýrslur

skyldu teknar. Var stefnufrestur þá þegar orðinn of skammur og því ekki efni til að verða við beiðni um útgáfu réttarstefna á hendur umræddum vitnum. Hafði lögmaður stefnanda þó haft margar vikur til að undirbúa þessar stefnur, en ekki notfært sér þann tíma. Í þinghaldi 13. október 1982 var ósk stefnanda um frestun þess þinghalds hafnað með bókun. Var þá ekki krafist úrskurðar um þá synjun.

3. Hvergi hefur komið fram, fyrr en þá í greinargerð lögmanns stefnanda, sem fylgir kæru hans, hvaða atriði það séu, er hann hyggst upplýsa með margnefndum vitnaskýrslum. Ekki hefur, svo séð verði, reynt á það, hvort vitni þessi séu reiðubúin til að mæta óstefnd til að bera vitni í málinu“.

Héraðsdómari tilkynnti lögmanni sóknaraðilja með bréfi 27. ágúst, að aðalflutningur málsins mundi fara fram 15. september. Jafnframt óskaði hann eftir, að lögmaðurinn léti sig vita, ef hann óskaði eftir vitnaleiðslu, áður en málið yrði flutt. Með bréfi 4. september tjáði lögmaðurinn dómaranum, að hann óskaði eftir að stefna tilteknum mönnum til að bera vitni í málinu, þar á meðal þeim Boga Nílssyni sýslumanni og Stefáni Skaftasyni lækni. Ekki fór hann þó fram á, að dómariinn gæfi út vitnastefnur á hendur þeim. Héraðsdómariinn tilkynnti lögmanninum 9. september, að aðalflutningi málsins væri af þessu tilefni frestað til 13. október og jafnframt, að hann væri reiðubúinn til viðtals um tilhögun vitnaskýrslna, hvenær sem væri.

Með bréfi 5. október sendi lögmaður sóknaraðilja héraðsdómara réttarstefnur á hendur þremur vitnum, er hann kvað nauðsynlegt að leiða fyrir dóm til vitnisburðar í málinu. Voru meðal þeirra Bogi Nílsson sýslumaður og Stefán Skaftason læknir. Þessar stefnur endursendi dómariinn lögmanninum óútgefnar með bréfi 13. október. Með bréfi 20. október fór lögmaðurinn þess á leit við dómaraann, að hann kveddi varnaraðilja fyrir dóm.

Á dómþingi 13. október krafðist lögmaðurinn þess, að dómariinn viki sæti. Þeirri kröfu hafnaði dómariinn með úrskurði sama dag. Var málinu að því búnu frestað. Síðar tilkynnti dómariinn umboðsmönnum aðilja skriflega, að aðal-

flutningur málsins skyldi fara fram 10. nóvember. Á dómþingi þann dag óskaði lögmaður sóknaraðilja eftir því, að dómariinn kveddi varnaraðiljana Gylfa og Sigurjón fyrir dóm og gæfi út vitnastefnu á hendur Ólafi F. Bjarnasyni lækni. Enn fremur ítrekaði hann ósk sína um útgáfu vitnastefna á hendur Boga Nílssyni og Stefáni Skaftasyni. Dómariinn hafnaði þessari ósk með hinum kærða úrskurði.

Eins og segir í athugasemdum héraðsdómara, tilkynnti hann lögmanni sóknaraðilja, áður en þinghald fór fram hinn 13. maí, að varnaraðiljarnir Gylfi og Sigurjón neituðu að koma fyrir dóm. Var þá sérstök ástæða fyrir lögmanninn að leita án undandrátta eftir atbeina dómara samkvæmt 2. mgr. 115. gr. laga nr. 85/1936 til að kalla varnaraðilja fyrir dóm, ef hann hugðist gera það. Hann lét það hins vegar hjá líða þar til með bréfi 20. október 1982. Var héraðsdómara því rétt að hafna þessari beiðni lögmannsins.

Héraðsdómari hafði að beiðni lögmanns sóknaraðilja frestað aðalflutningi málsins til 13. október. Það var þó ekki fyrr en með bréfi 5. október, sem héraðsdómariinn fékk í hendur 11. október, að lögmaðurinn óskaði eftir, að gefnar yrðu út vitnastefnur til tveggja af vitnum þeim, sem í kröfu hans greinir. Var þá svo stuttur tími til þinghaldsins 13. október, að vitnastefnur urðu ekki birtar með lögmaeltum stefnufresti. Í þinghaldinu 10. nóvember, þegar aðalflutningurinn átti að fara fram, ítrekaði lögmaðurinn fyrri óskir sínar um útgáfu vitnastefna, eins og áður segir. Ekki verður séð, að lögmaðurinn hafi sjálfur reynt að fá vitnin til að koma fyrir dóm eða fá atbeina dómarsins til þess fyrr en með bréfinu 5. október, þó að til þess væri nægur tími. Var héraðsdómara rétt, eins og á stóð, að hafna beiðni lögmannsins.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

1990

## S é r a t k v æ ð i

### Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómara að öðru leyti en því, að ég tel, að vísa eigi kröfu sóknaraðilja um, að „lagt verði fyrir héraðsdómarann að kveðja stefndu Gylfa og Sigurjón fyrir dóm og taka af þeim skýrslur,“ frá Hæstarétti, þar sem sá þáttur í úrskurði héraðsdómara er ekki kærannlegur samkvæmt 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

---

Miðvikudaginn 22. desember 1982.

Nr. 87/1980. **Almennar tryggingar h/f**  
(Guðmundur Pétursson hrl.)  
gegn  
**Sverri Gauki Ármannssyni**  
(Þórólfur Kristján Beck hrl.)  
og  
**Sverrir Gaukur Ármannsson**  
gegn  
**dánarbúi Karls Smára Magnússonar**  
**Almennum tryggingum h/f**  
**Rögnu Lindberg Magnúsdóttur og**  
**Hagtryggingu h/f**  
(Hjörtur Torfason hrl.)  
og  
**dánarbú Karls Smára Magnússonar**  
(Guðmundur Pétursson hrl.)  
gegn  
**Sverri Gauki Ármannssyni.**

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús P. Torfason og Guðmund-